Reykjavík, 9. nóvember 2026
FAS26110008

Borgarráð

Tillaga að breytingum á stjórnskipulagi fjármála- og áhættustýringarsviðs

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu um breytingar á stjórnskipulagi á fjármála- og áhættustýringarsviði í kjölfar hagræðingar sviðsins. Nýtt skipulag skal taka gildi þann 1. janúar 2027.

Greinargerð
Í kjölfar hagræðingar á fjármála- og áhættustýringarsviði er skrifstofa sviðsstjóra lögð niður í núverandi skipulagi í því skyni að einfalda yfirbyggingu, fækka millistjórnendum og að stöðugildi séu í takt við umfang starfseminnar og markmiða meirihlutans. Verkefnum skrifstofunnar verður fundinn viðeigandi staðsetning innan skipulagsheildarinnar auk annarra tilfærslna og endurskipulagi annarra verkefna.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Tillaga um breytingar á stjórnskipulagi FAS

Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2026

FAS26110008


Breyting á stjórnskipulagi í kjölfar hagræðingar á fjármála- og áhættustýringarsviði

Tillögur og greinargerð

Efni	Breytt skipulag fjármála- og áhættustýringarsviðs – einföldun yfirbyggingar, fækkun stjórnenda og stöðugilda
Viðtakandi	Borgarráð
Frá	Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

I. Tillögur

1. Nýtt skipurit fyrir fjármála- og áhættustýringarsvið taki gildi 1. janúar 2027 og að innleiðing breytinga hefjist strax í kjölfar samþykktar. Umfjöllun um skipuritið, markmið þess og virkni er að finna í köflum II og III.



Tillaga að nýju skipuriti fjármála- og áhættustýringarsviðs

2. Skrifstofa sviðsstjóra í núverandi skipulagi verði lögð niður. Verkefni er tengjast stjórnsýslu sviðsins, stefnumótun og eftirfylgni stefnu og verkefnastjórnun verði sameinuð fjárstýringu á nýrri **skrifstofu fjárstýringar og stjórnsýslu**. Þjónusta við innkaupa- og framkvæmdaráð færist til skrifstofunnar auk stjórnsýslulegrar meðhöndlunar kærumála vegna innkaupa og lögfræðileg ráðgjöf vegna útboðsmála. Ábyrgð á miðlægu þjónustuborði sviðsins vegna svörunar og dreifingar á erindum heyri

Reykjavík

undir skrifstofuna. Með þessari breytingu fækkar skrifstofum sviðsins úr fimm í fjórar og skrifstofustjórum um einn.

3. Fjármálatæknistofa verður lögð niður sem sérstök eining en verkefnið hefur verið hýst á skrifstofu sviðsstjóra. Verkefnastjórnun þverfaglegra verkefna, gæðamál og ferlar færast til viðeigandi skrifstofa og sjálfbærniverkefni til skrifstofu áætlana og hagmála að því marki sem þeim verður haldið áfram. Þverfagleg teymi starfi áfram við hlið formlegs skipulags í samræmi við stefnu sviðsins. Samhliða verði fyrirkomulag verkefna sem tengjast grænu bókhaldi endurskoðað. Með þessari breytingu fækkar deildarstjórum sviðsins um einn.
4. Milli- og löginnheimta, tekjueftirlit og álagning og innheimta fasteignagjalda flytjist frá skrifstofu fjárstýringar og innheimtu til **skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa**.
5. Fjárhagsleg og ráðgefandi samskipti við B-hluta félög samkvæmt eigandastefnu auk mannauðsstjórnunar heyri beint undir sviðsstjóra.
6. Eigendafyrirsvar fjárhagskerfa flytjist frá skrifstofu áætlana og hagmála til skrifstofu bókhalds og uppgjörs, sem fær heitið **skrifstofa reikningshalds**.
7. Áhættustýring verði efld með tveimur sérfræðingum sem flytjist til áhættustjóra úr núverandi einingum sviðsins. Áhættustjóri heyri áfram beint undir sviðsstjóra, sitji í framkvæmdastjórn sviðsins og beri ábyrgð á áhættustýringu A-hluta og skýrslugjöf um áhættur til sviðsstjóra, borgarstjóra og borgarráðs.
8. Staða skrifstofustjóra skrifstofu sviðsstjóra og staða skrifstofustjóra fjárstýringar og innheimtu verði lagðar niður og ný staða skrifstofustjóra fjárstýringar og stjórnsýslu sett á fót. Aðrar stöður skrifstofustjóra og staða áhættustjóra verði óbreyttar að öðru leyti en því sem leiðir af breyttum verkefnum.
9. Tillögur þessar eru lagðar fram til þess að einfalda stjórnun sviðsins og mætir áskorunum sem fylgja fækkun stöðugilda á sviðinu. Tækifæri skapast til áherslubreytinga í mönnun verkefna samhliða ofangreindum breytingum. Á móti verður tilteknum þáttum hætt og aðrir þættir í starfseminni styrktir svo kjarnaþjónusta sviðsins skerðist ekki.

II. Samantekt

Svið borgarinnar standa frammi fyrir áskorunum í rekstri og þurfa að leita leiða til hagræðingar í sinni starfsemi. Áherslan er lögð á að einfalda yfirbyggingu, fækka millistjórnendum og að stöðugildi séu í takti við umfang starfseminnar og markmið meirihlutans. Tillögurnar sem hér eru lagðar fram eru svar fjármála- og áhættustýringarsviðs við þeirri kröfu.

Skipulag sviðsins hefur verið einfaldað markvisst frá árinu 2024. Þá voru sjö skrifstofur á sviðinu auk skrifstofu sviðsstjóra og upplýsinga- og gagnadeildar. Í kjölfar stefnumótunar sviðsins 2022–2023 samþykkti borgarráð nýtt skipulag í september 2023. Launaskrifstofa var færð til mannauðs- og starfsumhverfissviðs, framkvæmd áhættustýringar var breyttfrá fyrra skipulagi og staða áhættustjóra sett á fót, innkaupamál voru sameinuð fjármálaþjónustu og eftirliti með rekstri og hluti af rekstri upplýsingakerfa fluttur til þjónustu- og

nýsköpunarsviðs. Verkefni eignaskrifstofu hafa síðan verið færð frá sviðinu til umhverfis- og skipulagssviðs. Núgildandi skipurit tók gildi 1. september 2025 og byggir á fimm skrifstofum og áhættustjóra.

Samhliða hefur sviðið aðlagað innri stefnu sína til ársins 2030. Þar eru þrjú meginmarkmið: Skilvirk fjármálaþjónusta, öflug framþróun og farsæl ákvarðanataka. Lykiláherslur stefnunnar snúa m.a. að því að byggja undir góða fjármálastjórn og koma á fót skýrum boðleiðum, efla þverfaglega samvinnu og ýta í auknum mæli undir þjónustuhugsun í allri þjónustuveitingu.

Tillögurnar sem hér eru settar fram eru því næsta skref í sömu vegferð. Markmið þeirra er að ná fram minni yfirbyggingu og einföldun á skipulagi án þess að dregið sé úr þeirri grunnþjónustu sem sviðið veitir borgarráði, borgarstjóra, fagsviðum og stofnunum borgarinnar. Tillagan er jafnframt til þess fallin að slípa til og sníða af agnúa sem brýnt er að takast á við.

III. Markmið með breyttu stjórnskipulagi

Með breyttu stjórnskipulagi fjármála- og áhættustýringarsviðs er unnið að því að ná eftirfarandi markmiðum:

1. **Minni yfirbygging.** Stjórnunarlögum og stoðeiningum fækkar og stærri hluti stöðugilda sviðsins fer í kjarnaverkefni.
2. **Færri stjórnendur.** Skrifstofustjórum fækkar úr fimm í fjóra og fjármálatæknistofa og verkefni hennar eru lögð niður sem sérstök eining og stöðugildi deildarstjóra lagt niður.
3. **Einfaldara skipulag og skýrari boðleiðir.** Gengið er lengra í að sameina skyld verkefni undir einni stjórn sem gefur tækifæri til þess að ná fram aukinni samlegð í verkefnum.
4. **Efld áhættustýring og eftirlit.** Áhættustýring fær aukinn styrk með stöðu tveggja nýrra sérfræðinga sem verða færðir til innana sviðs og milli- og löginnheimta, tekjueftirlit og rekstrareftirlit eru sameinuð á skrifstofu.
5. **Stjórnsýsla sviðsins sameinuð á einum stað.** Þjónusta við innkaupa- og framkvæmdaráð, undirbúningur borgarráðsmála, meðferð kærumála og lögfræðiráðgjöf færð undir einn hatt og skerpt á þjónustuhlutverki sviðsins.

Til að ná fram ofangreindum markmiðum er tillagan að sviðinu verði skipt í fjórar skrifstofur auk áhættustýringar sem heyri beint undir sviðsstjóra:

Lýsing á skrifstofum

1) **Sviðsstjóri** fer með mannauðsstjórnun og fjárhagsleg og ráðgefandi samskipti við B-hluta félög samkvæmt eigandastefnu.
2) **Skrifstofa fjárstýringar og stjórnsýslu** verður til við sameiningu skrifstofu sviðsstjóra og fjárstýringarhluta skrifstofu fjárstýringar og innheimtu. Skrifstofan fer með lausafjárstýringu, lánaumsýslu, skuldabréfaútgáfu, samskipti við fjármálastofnanir og greiðslumiðlun. Við þetta bætist stjórnsýsla sviðsins ásamt þjónustu við innkaupa- og

framkvæmdaráð. Lögfræðingar á skrifstofu fjármálaþjónustu og innkaupa verða að hluta til færðir í stjórnsýsluteymi skrifstofunnar og sjá um samskipti við borgarráð og fagsvið vegna stjórnsýsluverkefna og fyrirsvar vegna laga um fjármál. Lögfræðiþjónusta sviðsins starfar þvert á skrifstofur en auk þess er þjónustuborð og verkefnastýring hýst á skrifstofunni. Fjárstýring verður styrkt eftir þörfum.

3) **Skrifstofa áætlana og hagmála** fer með ábyrgð á fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu, hag- og spálíkönum, sviðsmynda- og sjálfbærnigreiningum, gögnum, mælikvörðum, mælaborðum og hefur umsjón með fjármálahópi. Eigendafyrirsvar fjárhagskerfa flyst frá skrifstofunni þannig að hún einbeiti sér að greiningum, líkönum og áætlanagerð. Skrifstofan fer með eigendafyrirsvar fjárhagsáætlanakerfa, spár- og rekstrarlíkana.

4) **Skrifstofa fjármálaþjónustu og innkaupa** fer með rekstrareftirlit og ráðgjöf, innkaupastjórnun, útboðsþjónustu og rammasamninga. Til hennar flytjast milli- og löginnheimta auk álagningar og innheimta fasteignagjalda. Innheimta og tekjueftirlit eru eftirlits- og þjónustuverkefni gagnvart sviðum, stofnunum og viðskiptavinum borgarinnar og falla vel að rekstrareftirliti og innkaupaþjónustu sem þegar er á skrifstofunni. Viðbótin skerpir enn frekar á þjónustuhlutverki skrifstofunnar gagnvart fagsviðum.

5) **Skrifstofa reikningshalds** er nýtt heiti á skrifstofu bókhalds og uppgjörs. Skrifstofan fer með ábyrgð á bókhaldi, reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu, ársreikningi, samskiptum við endurskoðendur og endurskoðunarnefnd og afstemmingum, auk annarrar bókhaldsþjónustu. Til hennar flyst eigendafyrirsvar fjárhagskerfa, sem er í beinu samhengi við daglega notkun kerfanna í bókhaldi og uppgjöri.

6) **Áhættustýring.** Áhættustjóri fer fyrir áhættustýringu A-hluta, situr í framkvæmdastjórn sviðsins og ber ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, áhættumati og skýrslugjöf um áhættur til sviðsstjóra, borgarstjóra og borgarráðs. Áhættustýring verður efld með tveimur sérfræðingum sem flytjast til hennar úr núverandi einingum, þannig að hægt sé að sinna verkefnunum með markvissari hætti.Lagt er til að teymisvinna samhliða formlegu skipulag verði áfram meginleið sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd. Verkefnateymi vinni í afmörkuðum vinnulotum að umbótum og breytingum á ferlum. Fagteymi sinni reglubundnum þverfaglegum ferlum.

IV. Framkvæmd breytinga

1. Nýtt skipurit taki gildi 1. janúar 2027 en innleiðing hefjist strax í kjölfar samþykktar borgarráðs.

2. Sviðsstjóri skipi innleiðingarteymi með fulltrúum skrifstofa sem hafi umsjón með flutningi verkefna, uppfærslu starfslýsinga ásamt því að sinna upplýsingagjöf til starfsfólks.